

Fyrsti fundur nýrrar stjórnar FUM var haldinn fimmtudaginn 6. apríl 2006 kl. 16:30 í fundarherbergi Félagsvísindadeildar í Odda.

Mætt voru: Guðný Guðbjörnsdóttir, Jóhanna Rósa Arnardóttir, Ragnar F. Ólafsson, Þórdís Þórðardóttir og Kristjana Stella Blöndal, sem ritaði fundargerð auk tveggja nýrra stjórnarmeðlima, þ.e. Amalíu Björnsdóttur sem er aðalmaður og Meyvants Þórólfssonar sem er varamaður í stjórn. Á fundinn vantaði Rósu Kristínu Júlíusdóttur sem er nýkjörinn varamaður frá Háskólanum á Akureyri.

Dagskrá:

1. Skilaboð aðalfundar til stjórnar v. starfið framundan. Sjá fundargerð aðalfundarins.
2. Erindi vegna endurskoðunar grunnskólalaga.
3. Umræðufundur um framsetningu rannsókna fyrir þá sem hagnýta þær eins og stefnumótendur og kennara. Undirbúningur og tímasetning.
4. Önnur mál.

1. Skilboð aðalfundar til stjórnar – starfið framundan

Flutningur á FUM ráðstefnu

Rætt var um þá tillögu sem fram kom á aðalfundi að færa FUM ráðstefnuna á vormisseri í stað þess að halda hana í nóvember eins og gert hefur verið. Fundarmönnum leist vel á þessa tillögu en niðurstaðan varð sú að þar sem stjórnarskipti verða fyrir næstu ráðstefnu sé eðlilegt að ákvörðun um flutning ráðstefnunnar verði borin undir næsta aðalfund þar sem sú stjórn verður kosin. Ef af verður mun næsta ráðstefna að öllum líkindum flytjast frá hausti 2007 til febrúar eða mars 2008.

Umræðufundir og námskeið

Stefnt er að því eins og fram kom á aðalfundi að halda námskeið næsta haust um fræðileg greinarskrif, Endnote og N-Vivo og umræðufund um fræðileg tímarit á sviði menntamála sem talin eru í fremstu röð, birtingarferlið, kröfur og fleira..

2. Erindi vegna endurskoðunar grunnskólalaga.

Rætt var um fundarboð frá menntamálaráðuneytinu þar sem fulltrúum FUM er boðið að funda með nefnd um heildarendurskoðun grunnskólalaga nk. miðvikudag. Ákveðið var að Guðný, Rósa og Ragnar undirbyggju erindi og kynntu á fundinum. Lagði Guðný til að á fundinum yrði m.a. kynnt áhersla stjórnar FUM á að koma niðurstöðum rannsókna í menntamálum á framfæri við stefnumótunaraðila.

3. Umræðufundur um framsetningu rannsókna fyrir þá sem hagnýta þær eins og stefnumótendur og kennara. Undirbúningur og tímasetning.

Eins og rætt var á aðalfundinum er fyrirhugað að halda umræðufund fyrir félagsmenn á þessu misseri um hvernig fræðimenn kynna rannsóknir sínar fyrir stefnumótunaraðilum og kennurum í anda málstofu sem SÍS hélt 6. mars sl. Ákveðið var að stefna að því að fundurinn yrði haldinn 4. maí, í eftirmiðdaginn. Rætt var hvort halda ætti tvo fundi, þ.e. annars vegar með kennurum og hins vegar stefnumótunaraðilum en ákveðið var að halda einn fund til að byrja með. Ragnar kom fram með þá tillögu að reynt yrði að nýta nýútkomið tímarit félagsins sem innlegg í þessa vinnu. Gert er ráð fyrir að á fundinum verði einn fulltrúi SÍS með framsögu, einn kennari og einn fræðimaður. Kom fram hjá Guðnýju að Svandís Ingimundardóttir þróunar- og skólafulltrúi SÍS sem stóð fyrir fundi um sama efni 6. mars hafði komið á framfæri við hana hugmyndum um fulltrúa SÍS fyrir fundinn. Þeim hugmyndum verður fylgt eftir. Ákveðið var að KÍ eða skólamálaráð KÍ yrði beðið um að tilnefna fulltrúa kennara fyrir umræðufundinn. Loks var rætt hvort þeir sem hygðust sækja fundinn yrðu beðnir um að skrá sig. Ákveðið að fela Jóhönnu Rósu að kanna þá hlið mála. Guðný tók að sér að setja saman drög að dagskrá fundarins og tillögu að húsnæði, og leggja fyrir stjórnarmenn í tölvupósti.

4. Önnur mál.

Amalía Björnsdóttir gaf kost á sér sem gjaldkeri félagsins og var einróma kjörin í stað Hafþórs Guðjónssonar sem ekki er lengur í stjórninni..

Fundi slitið 18:00.